

Þriðjudaginn 16. október 1990.

Nr. 87/1990: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Rósu Dröfn Sigurðardóttur

(Kristján Stefánsson hdl.).

Tilraun til manndráps. Sýkna. Rán. Skjalafals. Þjófnaður. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1990. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu, þó þannig, að ákærða verði sakfelld að fullu samkvæmt II. kafla ákæru. Þá krefst hann þyngingar refsingar og staðfestingar á bótaákvæðum hins áfrýjaða dóms.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af ákæruliðum í I. og II. kafla ákæru, en hljóti vægustu refsingu samkvæmt öðrum ákæruliðum, og verði refsingin skilorðsbundin, og komi gæsluvarðhald ákærðu í 381 dag til frádráttar dæmdri refsingu.

Auk þeirra misritana í IV. kafla ákæruskjals, sem leiðréttar eru í héraðsdómi, hefur misritast dagsetning á tékka nr. 2533996, sem um getur í 6. lið IV. kafla. Hann er sagður dagsettur 20. 5. 1989 í stað 29. 5. 1989.

I.

Ákærða hefur frá öndverðu neitað því að hafa stungið Sigurjón Þór Friðþjófsson með hnífi í veitingahúsinu Gullinu aðfaranótt 26. ágúst 1989. Upplýst er, að dyravörður veitingahússins, Hallgrímur Óli Björgvinsson, tók hníf úr hendi ákærðu, stuttu eftir að Sigurjón var stunginn. Dyravörðurinn taldi hnífinn hafa verið í slíðrum, er hann kom að ákærðu, og hún þá um leið dregið hann úr slíðrum. Ágúst Haraldsson, starfsmaður veitingahússins, sá dyravörðinn

taka hníf af ákærðu og sýndist það vera skátahnífur í slíðri. Jón Páll Haraldsson, sem einnig var starfsmaður í veitingahúsinu, sá dyravörðinn taka hnífinn af ákærðu, en tveir aðrir starfsmenn veitingahússins komu á vettvang, eftir að búið var að taka hnífinn af henni. Bróðir ákærðu, Jósep Hjálmar Sigurðsson, bar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði séð ákærðu stinga mann með hnífi í veitingahúsinu umrætt kvöld. Þennan framburð sinn dró hann til baka, er hann kom fyrir dóm. Vitnið Sigríður Bergdís Magnúsdóttir taldi sig hafa séð hníf í hendi ákærðu, stuttu áður en maðurinn hneig niður, en ekki kvað hún það hafa verið sama hníf og tekinn var af ákærðu. Sá, sem fyrir stungunni varð, vissi ekki, hver stakk hann, og hann þekkti ekki ákærðu aftur, þegar hann sá hana í réttarsalnum. Aðeins eitt vitni, Aldís Jónsdóttir, hefur fullyrt, að hún hafi séð ákærðu stinga mann með hnífi. Upplýst er, að hnífur sá, sem tekinn var af ákærðu, var í eigu Aldísar, og taldi hún, að hann hefði horfið úr jakkavasa sínum fyrr um kvöldið. Aldís var fyrst yfirheyrð þann 29. ágúst, þremur dögum eftir að atvik gerðust. Framburður vitna um atvikið er mjög á reiki. Áður en maðurinn fékk hnífstunguna, hafði hann blandast í stimpingar eða átök, sem urðu í veitingasalnum, og kveðst hafa viljað stilla til friðar. Ósannað er, að ákærða hafi átt þátt í átökunum, áður en til stungunnar kom, og er óljóst, hvað henni gat gengið til þess verks, sem hún er ákærð fyrir. Eins og í héraðsdómi greinir, hófst vettvangsrannsókn ekki fyrr en 14 klukkustundum eftir, að atvik gerðust. Er svo mikill vafi um sekt ákærðu, að sýkna ber hana af þessum ákærulið.

II.

Eins og lýst er í héraðsdómi, viðurkenndi ákærða fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa slegið Jóhann Borg Jónsson í höfuðið með steini í því skyni að hafa af honum áfengi. Þessa játningu sína dró hún til baka, er hún kom fyrir dóm. Jóhann Borg hefur frá upphafi haldið því fram, að ákærða hafi ekki slegið hann, en framburður hans er um margt ótrúverðugur. Framburður ákærðu og annarra um þetta ákæruatriði stangast á í veigamiklum atriðum, og er lítið á honum byggjandi. Sannað er, að Jóhann Borg var barinn með steini, sem ákærða hafði meðferðis, og teknar voru af honum áfengisflöskur. Verður að telja nægilega fram komið, að

ákærða hafi verið aðili að þessum átökum, og hefur héraðsdómari réttilega heimfært brotið undir 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu hans til refsí-
ákvæða á þeim brotum, sem um er fjallað í III. og IV. kafla ákæru-
skjals.

Aðilar hafa ekki óskað þess, að ákvæði héraðsdóms um skaða-
bætur verði tekið til endurskoðunar í Hæstarétti. Koma þær því
ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

IV.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var ákærða dæmd í þriggja mánaða
skilorðsbundið fangelsi 2. nóvember 1988. Ber nú samkvæmt 60.
gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka
það mál einnig til meðferðar, að því er hina skilorðsbundnu refsingu
varðar, og dæma refsingu í einu lagi fyrir öll brotin. Er refsingin
með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin
fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist
ákærðu frá 13. til 17. ágúst 1989 og frá 27. ágúst 1989 til 6. sept-
ember 1990, 381 dag.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skal vera óraskað.

Ákærða greiði sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins
að hálfu, eins og í dómsorði segir. Að öðru leyti skal sakarkostn-
aður greiddur úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti fangelsi í 2 ár. Frá
refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærðu, 381 dagur.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur skal vera óraskað.

Ákærða greiði sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað
málsins að hálfu, þar með talin saksóknarlaun í héraði og fyrir
Hæstarétti, samtals 200.000 krónur, og málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns
Stefánssonar héraðsdómslögmanns, samtals 250.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. janúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 26. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 45/1990: Ákærvaldið gegn Rósu Dröfn Sigurðardóttur, sem dómtekið var 17. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember 1989, á hendur ákærðu, Rósu Dröfn Sigurðardóttur, til lögheimilis í Unufelli 44 í Reykjavík, fæddri 24. ágúst 1967 á Blönduósi, kt. 5409, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík á árinu 1989, nema annað sé tekið fram:

I. Tilraun til manndráps.

Ákærðu er gefið að sök að hafa, aðfaranótt laugardagsins 26. ágúst, stungið Sigurjón Þór Friðþjófsson, kt. 25.03.62-2509, hnífstungu í vinstri síðu rétt undir rifjaboga í veitingahúsinu Gullinu við Austurvöll í Reykjavík, og gekk hnífurinn í miltað og olli lífshættulegum blæðingum í kviðarholi.

Í aðgerð, sem framkvæmd var á Sigurjóni Þór á Borgarspítalanum stuttu eftir atburðinn, var milta hans fjarlægt og blæðingar stöðvaðar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Rán.

Ákærðu er gefið að sök að hafa, laugardaginn 29. apríl 1989, veist að Jóhanni Borg Jónssyni, Laugavegi 51 b, Reykjavík, á heimili Jóhanns í því skyni að hafa af honum áfengi og slegið hann í höfuðið með steini, sem ákærða hafði tekið með sér inn í íbúðina. Ákærða, Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 05.08.61-5979, Kolbeinn Vopni Sigurðsson, kt. 06.06.72-4079, og Tyrtingur Arnar Kristjánsson, kt. 31.05.59-7769, slógu eign sinni á 2 áfengisflöskur, er þau tóku af Jóhanni Borg, sem við höggið hlaut skurð á hægri augabrún og mar við hægra auga. (RLR-mál nr. 1752/89.)

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

III. Þjófnaður.

1.

Ákærðu er gefið að sök að hafa, mánudaginn 14. nóvember 1988, stolið seðlaveski Magnúsar Lárussonar, kt. 13.11.63-3129, í félagi við þá Kolbein Vopna Sigurðsson, kt. 06.06.72-4079, og Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 05.08.61-5979, um borð í mb. Gulltoppi í bátahöfninni á Grandagarði, en í veskinu voru meðal annars um 1.000 krónur og tékkhefti frá Landsbanka Íslands, útibúinu í Þorlákshöfn. (RLR-mál nr. 4098/89.)

Aðfaranótt laugardagsins 12. ágúst stolið seðlaveski af Þráni Birgi Meyer, kt. 24.02.56-3129, í Austurstræti, en í veskinu var meðal annars greiðslukort Þráins frá Vísa Ísland nr. 4507 4300 0009 0869 og 6.000 krónur. (RLR-mál nr. 3178/89.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Skjalafals.

1.

Í framhaldi af þjófnaðinum, sem lýst er í ákærulið III.1, greitt Ólafi H. Jakobssyni, kt. 10.10.29-4849, fyrir leiguakstur með tékka að fjárhæð kr. 5.000, sem ofangreindur Jósep Hjálmar falsaði, að fullri vitund ákærðu, með útgefandanafnrituninni Magnús Lárusson á eyðublað nr. 382746 frá Landsbanka Íslands í Þorlákshöfn, en tékkinn er gefinn út til handhafa á reikning nr. 1134 og dagsettur 15.11.1989. (RLR-mál nr. 4098/89.)

2.

Í mars framvísað á eftirgreindum stöðum í félagi við Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 05.08.61-5979, og Charlottu Nielsdóttur, kt. 20.06.73-6039, greiðslukorti Kristins D. Gissurarsonar frá Vísa Ísland nr. 4507 4100 0001 4085, sem ákærða hafði stolið og ofangreindur Jósep Hjálmar falsað með því að líma miða með sinni áritun á nafni korthafa yfir rithandarsýni kort-hafa, þar sem Jósep Hjálmar falsaði sölunótur, með fullri vitund ákærðu, fyrir úttekt ákærðu og ofangreindra á vörum og þjónustu, sem þau létu skuldfæra á viðkomandi reikning Kristins hjá greiðslukortafyrirtækinu og deildu með sér andvirðinu:

1) Í verslun Miklagarðs sf. við Holtaveg sölunótu nr. 4451958, dagsetta 25.3. 1989, fyrir andvirði kr. 16.710.

2) Í Næturgrellinu sölunótu nr. 2952360, dagsetta 18.4. 1989, fyrir andvirði kr. 3.000.

3) Hjá leigubifreiðarstjóra nr. 290 á bifreiðastöðinni Hreyfli sölunótu nr. 360474, dagsetta 24.3. 1989, fyrir andvirði kr. 300.

4) Hjá leigubifreiðarstjóra nr. 765 á Hreyfli sölunótu nr. 4041951, dagsetta 24.3. 1989, fyrir andvirði kr. 6.000.

5) Í Næturgrellinu sölunótu nr. 2952361, dagsetta 25.1. 1989, fyrir andvirði kr. 4.840. (RLR-mál nr. 1257/89.)

3.

Í mars og apríl notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem Charlotta Nielsdóttir, kt. 26.06.73-6039, falsaði með fullri vitund ákærðu og afhenti

ákærðu til notkunar í viðskiptum. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa á stolin eyðublöð frá Verslunarbankanum, Bankastræti 5, Reykjavík:

1) Tékki nr. 6150600, að fjárhæð kr. 12.000, dagsettur 3.4. 1989, með útgefandanafnrituninni Magnea Aradóttir. Ákærða framvísaði tékkanum til sölu í Landsbankanum, Laugavegi 77.

2) Tékki nr. 6150593, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 31.3 1989, með útgefandanafnrituninni Þorbjörg Helgadóttir. Seldur í verslun Pennans hf.

3) Tékki nr. 6150595, að fjárhæð kr. 4.500, dagsettur 1.4. 1989, með útgefandanafnrituninni Þorbjörg Helgadóttir. Óvíst um notkun.

4) Tékki nr. 6150597, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 1.4. 1989, með útgefandanafnrituninni Þorbjörg Helgadóttir. Óvíst um notkun. (RLR-mál nr. 1375/89.)

4.

Í apríl notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem hún gaf út til handhafa á alreikning nr. 110519 hjá Iðnaðarbanka Íslands, Réttarholtsvegi 3, Reykjavík, og falsaði með útgefandanafnrituninni Guðni Ö.P. Guðnason:

1) Tékki nr. 324, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettur 7.4. 1989. Ákærða seldi tékkann Sigurði Kr. Sigurðssyni, kt. 06.07.53-5719.

2) Tékki nr. 334, að fjárhæð kr. 6.100, dagsettur 13.4. 1989. Seldur í versluninni Domus, Laugavegi 91.

3) Tékki nr. 3336 (sic), að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 12.4. 1989. Seldur í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík.

4) Tékki nr. 340, að fjárhæð kr. 7.000, dagsettur 12.4. 1989. Seldur í versluninni Skinn-gallerí, Laugavegi 66.

5) Tékki nr. 344, að fjárhæð kr. 6.000, dagsettur 11.4. 1989, með framsalsstimpli Bifreiðastöðvar Íslands hf., við Vatnsmýrarveg. Óvíst um notkun.

6) Tékki nr. 347, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 11.4. 1989. Seldur í versluninni Hygeu, Laugavegi 35.

7) Tékki nr. 350, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 12.4. 1989. Seldur í verslun Steina hf., Austurstræti 22. (RLR-mál nr. 1656/89.)

5.

Í maí selt í félagi við Tyrfing Arnar Kristjánsson, kt. 31.05.59-7769, á veitingastaðnum Adlon, Laugavegi 126, Reykjavík, tékka að andvirði kr. 10.000, sem hún gaf út til handhafa á eyðublað nr. 3740875 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, dagsettan 29.5. 1989, og falsaði með útgefandanafnrituninni Jón Hanson. (RLR-mál nr. 2265/89.)

6.

Í síðastgreindum mánuði notað í viðskiptum í félagi við Atla Jespersen, kt. 15.10.66-5859, eftirgreinda tékka, sem ákærða falsaði á eyðublöð úr tékkhefti frá Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands, Reykjavík, gefna út til handhafa með útgefandanafnrituninni Guðmundur R. Guðmundsson:

1) Tékki nr. 2533996, að fjárhæð kr. 3.500, dagsettur 20.5. 1989. Ákærða falsaði efni tékkans og fékk annan mann til að framvísa tékkanum til sölu í versluninni Björk, Bankastræti 6.

2) Tékki nr. 2533989, að fjárhæð kr. 16.500, dagsettur 27.5. 1989. Seldur á veitingastaðnum Eldvagninum, Laugavegi 73.

3) Tékki nr. 2533990, að fjárhæð kr. 8.000, dagsettur 28.5. 1989. Ákærða notaði tékkann í viðskiptum við leigubifreiðarstjóra. (RLR-mál nr. 2203/89.)

7.

Í síðastgreinum mánuði notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem hún gaf út til handhafa og falsaði með útgefandanafnrituninni Erla Líney Agnarsdóttir á eyðublöð úr tékkhefti frá Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands, Reykjavík:

1) Tékki nr. 3621875, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 25.5. 1989. Ákærða fékk annan mann til að selja fyrir sig tékkann í verslun Hans Petersens, Bankastræti 4.

2) Tékki nr. 3621874, að fjárhæð kr. 8.500, dagsettur 25.5. 1989. Seldur í verslun Hagkaupa, Skeifunni 15. Ákærða greiddi Birni Tómasi Sigurðssyni, kt. 05.08.60-4779, með tékkanum.

3) Tékki nr. 3621870, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 24.5. 1989. Ákærða fékk aðra konu til að selja fyrir sig tékkann í Gjafahúsinu, Skóla-vörðustíg 8. (RLR-mál nr. 1997/89.)

8.

Þann 31. júlí selt í afgreiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Borgartúni 7, í félagi við Jónas James Ásmundsson, kt. 23.07.62-5549, og fleiri, tékka að fjárhæð kr. 341.413, sem ákærða gaf út til ÁTVR á reikning nr. 1246, dagsetti 31.7. 1989 og falsaði með útgefandanafnrituninni Auðunn S. Hinriksson á eyðublað nr. 2163467 frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands.

9.

Í ágúst falsað og selt í félagi við Bjarna Leif Pétursson, kt. 15.06.58-2419, eftirgreinda tékka, sem ákærði Bjarni gaf út til handhafa á tékkhefti frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands og falsaði með útgefandanafnritun-

inni Magnús Gestsson. Tékkarnir eru framseldir af ákærðu, Rósu Dröfn:

1) Tékki nr. 2163468, að fjárhæð kr. 21.000, dagsettur 1.8. 1989. Seldur í versluninni Pennanum, Austurstræti 10.

2) Tékki nr. 2163471, að fjárhæð kr. 12.280, dagsettur 1.8. 1989. Seldur í Veitingahúsinu Duus-húsi, Aðalstræti 4b (RLR-mál nr. 3422/89.)

10.

Þann 12. ágúst framvísað á eftirgreindum stöðum í félagi við Tyrfing Arnar Kristjónsson, kt. 31.05.59-7769, ofangreindu greiðslukorti Þráins Birgis Meyers frá Visa Island, sem þau fölsuðu með því að setja á kortið ritun Tyrfings Arnar á nafni Þráins Birgis í stað rithandarsýnis korteigandans, og falsað jafnframt nafnritun Þráins á nótur til staðfestingar á úttekt, sem ákærða og Tyrfingur létu skuldfæra á viðkomandi reikning Þráins Birgis hjá greiðslukortafyrirtækinu:

1) Hjá bifreiðarstjóra á leigubifreiðastöðinni Hreyfli sölunótu nr. 6047041, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði leiguaksturs, kr. 3.620.

2) Á veitingastaðnum Hjá Kim, Ármúla 34, sölunótu nr. 5346794, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði veitinga, kr. 5.525.

3) Í söluturninum Toppnum, Síðumúla 8, sölunótu nr. 5608716, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði vöru, kr. 1.630.

4) Hjá bifreiðarstjóra á bifreið nr. 723 á leigubifreiðastöðinni Hreyfli sölunótu nr. 4837246, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði kr. 305.

5) Hjá bifreiðarstjóra á bifreið nr. 716 á Hreyfli sölunótu nr. 6047068, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði leiguaksturs, kr. 305.

6) Hjá bifreiðarstjóra á bifreið nr. 23 á Hreyfli sölunótu nr. 6852038, dagsetta 12.8. 1989, fyrir andvirði leiguaksturs, kr. 320. (RLR-mál nr. 3178/89.)

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt IV. kafla ákærunnar varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Fallið hefur verið frá ákæru, að því er varðar sölunótur nr. 1, 4, 5 og 6 í 10. tl. IV. kafla ákærunnar.

Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að II., III. og IV. kafla ákærunnar verði vísað frá dómi. Krafan er rökstudd svo, að „það sé grundvallarregla í íslenskum rétti, að sækja beri menn sameiginlega til saka, sbr. 28. og 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nema brýnar ástæður séu til. Þær ástæður séu ekki fyrir hendi í málinu, að því er varði þessa kafla ákærunnar“.

Ekki verður 28. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, skilin öðruvísi en svo, að ríkissaksóknari eigi alfarið (sic) mat á því, hvernig

hann hagar saksókn að þessu leyti, og sætir það mat ekki endurskoðun dómstóla. Ber því að synja kröfu ákærðu um það, að þessum hluta ákærunnar verði vísað frá dómi.

I.

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 26. ágúst sl. kl. 2.07 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að maður hefði verið stunginn með hnífi í veitingahúsinu Gullinu við Vallarstræti. Þegar lögreglumenn komu þar að, lá maður á gólfinu á 2. hæð hússins, særður á síðu. Dyraverðir hússins höfðu ákærðu í haldi og afhentu hana lögreglunni ásamt hnífi, sem hún var talin hafa stungið manninn með. Var ákærða færð í fangageymslu lögreglunnar. Var henni tekið blóð til rannsóknar kl. 3.05 um nóttina. Í blóði hennar greindust 1,99 ‰ af vínanda, en hvorki fundust í því benzodiazepín-sambönd né amfetamín. Í vottorði sínu um blóðrannsóknina segir Þorkell Jóhannesson prófessor, að rannsóknin bendi eindregið til þess, að hlutaðeigandi hafi verið mjög ölvaður, þegar blóð var tekið úr honum, en hún staðfesti ekki, að hann hafi tekið diazepam eða amfetamín skömmu áður.

Maður sá, sem stunginn var, Sigurjón Þór Friðþjófsson, var lagður inn á slysadeild Borgarspítalans kl. 2.20. Í vottorði Gunnars Gunnlaugssonar, yfirlæknis skurðlækningadeildar spítalans, segir svo: „Komið var með Sigurjón á móttöku Borgarspítalans þann 26.8. 1989 um kl. 2.20. Hafði neyðarbill farið og sótt hann á skemmtistað þar sem hann hafði verið stunginn með hnífi í vinstri síðu. Vökvi hafði verið settur upp hjá sjúklingnum á staðnum og shock-meðferð þannig hafin og haldið áfram í neyðarbilnum.

Við komu á sjúkrahúsið var sjúklingurinn með fullri meðvitund, en föður og kvartaði um verk í kvið og upp í vinstri öxl. Blóðþrýstingur var lækkaður, mældist lægst 90/50. Hann var með stungusár í v. síðu og var gatið í húðinni vinkillaga. Það vætlaði úr því blóð. Kviður var aumur og sjúklingurinn augljóslega með blæðingu inn í kviðarholið. Auk vökva voru honum gefnir 500 ml. af ókrossprófuðu neyðarblóði og hann tekinn síðan strax inn á skurðstofu.

Við uppskurðinn fannst að á annan lítra af blóði var í kviðarholinu. Hnífurinn hafði skorið inn í miltað og var þaðan stöðug blæðing. Hnífurinn hafði sneitt hjá öðrum líffærum. Gatið innan á kviðveggnum var úti í síðunni, rétt undir rifjaboganum. Miltað var fjarlægt og við það stöðvaðist öll blæðing. Sjúklingurinn fékk síðan tvær einingar af blóði til viðbótar til að bæta honum upp blóðmissinn.

Sjúklingnum heilsaðist vel eftir aðgerðina og útskrifaðist af sjúkrahúsinu þann 31.8. '89. Undirritaður sá hann á göngudeild þann 13.9. '89. Honum

hafði heilsast eðlilega heima og var ekki talið nauðsynlegt að hann kæmi í frekara eftirlit.

Telja verður afar líklegt, að Sigurjóni hefði blætt út af áverka þessum ef hann hefði ekki fengið viðeigandi lækni meðferð í tíma.“

Að sögn yfirlæknisins var lögun stungugatsins þannig, að líklegt væri, að hnifnum hefði verið snúið í sárinu og hann skorið húðina aftur, þegar hann var dreginn úr sárinu. Ekki hefðu verið nein ummerki um það, að maðurinn hefði verið stunginn tvisvar. Þá sagði hann, að hugsanlega myndu blæðingar hafa hætt af sjálfu sér við það, að blóðþrýstingur hefði fallið, en þá myndi sjúklingurinn hafa verið í hættu vegna losts. Blæðingarnar myndu svo hafa hafist að nýju við blóðgjóf. Sjúklingurinn hefði verið kominn með losteinkenni, og myndi hann hafa fallið í dýpra og dýpra lost, ef ekki hefði verið að gert. Taldi yfirlæknirinn, að stungan hefði gengið um 15 cm á hol manningnum og farið nálægt ýmsum mikilvægum líffærum, svo sem slagæð til miltans, brisi, ristli og vinstra nýra. Mætti telja manninn heppinn, að þessi líffæri hefðu sloppið við blaðið. Lagið hefði komið á hlið manningnum og vísað inn og upp. Hefði honum virst, að hnifurinn hefði fyrst stungist í miltað, en síðan hefði skorist út úr því við öndunarhreyfingu, enda hreyfðist miltað eftir öndun og hreyfingum mannsins sjálfs.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var ekki þegar gert viðvart um mál þetta, og gat vettvangsrannsókn ekki hafist fyrr en kl. 16.00 þennan laugardag. Hafði blóð þá verið þvegið úr gólfteppi á annarri hæð veitingahússins, og þegar rannsóknarlögreglan fékk fatnað Sigurjóns Þórs til rannsóknar, hafði hann verið þvegin. Þá gekk erfiðlega að ná til vitna í málinu.

Í skýrslu Hannesar Thorarensens rannsóknarlögreglumanns segir eftirfarandi um vettvang: „Barinn á 2. hæð hússins er í norðurhluta hæðarinnar en dansgólf í suðurhluta hennar. Stigar milli hæða eru sem næst miðju gólfflatar.

Barsalurinn er með gluggum á norðuhlið. Tveir leðurhornsófar sem tengjast saman, eru meðfram allri norðurhliðinni og hornin meðfram vestur- og austurhlið. Gengið er inn í þennan sal við vesturvegg. Til suðurs afmarkast salurinn af súlu við inngönguna og vegg sem jafnframt er bakgrunnur barsins.

Veggur þessi er áfastur austurvegg og nær ca. að afmarka til háls suðurhluta barsalarins. Framan við þennan vegg er síðan sjálft barborðið sem er á ská frá suð-austri til norð-vesturs miðað við áðurgreinda útveggi barsalarins.

Framan við leðursófana eru tvö sófaborð og lágir kollar barmegin við þau.

Tvö borð standa upp við vesturvegg og er annað inni í barsalnum en hitt þar hjá og inn á stigaganginn. Stólar eru við þessi borð.“

Vettvangurinn var rækilega ljósmyndaður, en ekki var gerður uppdráttur af honum fyrr en að tilhlutan dómsins 5. desember sl.

Að sögn starfsmanna hússins munu hafa verið um 100-150 manns í húsinu í þetta sinn, flestir megi gestir vera 280 talsins.

Fatnaður ákærðu og Sigurjóns Þórs var tekinn til rannsóknar, en ekki kom neitt fram við hana um fatnað ákærðu, sem máli skiptir. Aftur á móti voru v-laga göt í síðu stað vinstra megin, bæði á skyrtu og peysu Sigurjóns Þórs. Daufir blettir niður af gatinu á peysunni gáfu dauða svörun við Hemastix-blóðprófi og eru taldir vera þvegið blóð.

Hnífur sá, sem talið var hafa verið beitt gegn Sigurjóni Þór, er svokallaður „skátahnífur“. Fylgir honum slíður úr leðri. Hnífsblaðið er 9 sm á lengd og 2,5 sm á breidd og flugbeitt. Ofan við hjalt úr málm er skefti úr ljósum viði.

Ákærða kom fyrir dóm að kvöldi laugardagsins 26. ágúst. Kvaðst hún muna eftir því að hafa verið í veitingahúsinu Gullinu um nóttina með Jósep Hjálmar, bróður sínum, Grétari Smára Hallbjörnssyni og stúlku að nafni Bergdís, en muna annars lítið eftir sér, enda hefði hún verið ofurölvi og undir áhrifum amfetamíns, diazepams og e.t.v. fleiri lyfja. Síðast myndi hún eftir sér á barnum á efstu hæðinni og þar næst, þegar hún var færð í lögreglubifreið.

Í skýrslu, sem ákærða gaf hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í viðurvist réttargæslumanns síns, skýrði hún frá því, að hún hefði verið látin laus úr Síðumúlafangelsinu ásamt bróður sínum, Jósep Hjálmar, föstudaginn 25. ágúst. Hefðu þau gengið niður á Hlemmtorg og þaðan niður í miðbæ. Um daginn hefðu þau verið í félagsskap kunningja og drykkjufélaga, fleiri eða færri. Hefði áfengi verið keypt oft þennan dag og leikurinn borist viðs vegar um miðborgina. Hefði hún drukkið sterkan bjór um daginn og tekið inn smám saman samtals 6-7 töflur af lyfjum, mogadoni, og 6-7 töflur af diazepamí. Um kl. 20.00 hefði hún komið á veitingastofuna Fógetann í fylgd Jóseps Hjálmars, Tyrfrings Kristjánssonar, Friðriks Friðrikssonar og stúlku að nafni Bergdís. Hefði hún verið búin að drekka eina brennivíns-blöndu og óblandað vodka af stút, áður en hún kom á Fógetann, og verið orðin talsvert ölvuð. Á Fógetanum hefði hún drukkið bjór og vodka.

Um kl. 22.00 taldi ákærða, að bæst hefðu í hópinn annar bróðir hennar, Hjörtur Þórarinn, og æskufélagi þeirra systkina, Grétar Smári Hallbjörnsson. Hefði Grétar Smári veitt ákærðu áfengi þarna, en auk þess hefði hún orðið sér þarna úti um og neytt $\frac{1}{4}$ úr grammi af amfetamíni.

Um klukkan tólf til hálféitt um nóttina hefðu þau félagarnir haldið í veitingahúsið Gullið, en þó gæti verið, að Hjörtur hefði ekki farið með þeim þangað. Kvaðst ákærða hafa verið í svo mikili vímu, þegar hér var komið sögu, að hún hefði slagað. Hefðu þau haldið upp á aðra hæð, og

hefði Grétar Smári keypt áfengi á barnum handa henni og Bergdís. Jósep Hjálmar hefði sest í eitthvert sætið þarna, og hefði hún sest hjá honum. Næst myndi hún eftir því, að dyraverðir hefðu haldið henni í anddyri hússins. Hefði hún verið færð í lögreglubífreidd. Hún myndi ekkert eftir því að hafa stungið mann eða haldið á hnífi.

Í skýrslu, sem ákærða gaf 30. ágúst í viðurvist réttargæslumanns, sagðist hún muna eftir því að hafa haldið á hnífi í vinstri hendi og vera „99% viss“ um, að hún hefði fengið hnífinn hjá stúlku að nafni Aldís. Ekki kvaðst ákærða muna, hvað orðið hefði af hnífnum. Hún kvaðst telja, að hún hefði stungið mann, en kvaðst ekki muna neitt eftir því.

Fyrir dómi 20. september sl. kvaðst ákærða „voðalega lítið“ muna eftir því að hafa verið með hníf. Þá ítrekaði hún, að hún hefði neytt lyfjanna, sem áður getur, og áfengis, og hefði neysla alls þessa saman þau áhrif, að hún missti minnið.

Þegar ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 22. nóvember, kvað hún ákærana vera ranga að þessu leyti. Hún myndi ekki, hvað gerst hefði í veitingahúsinu, en hún þekkti sjálfa sig þannig, að hún myndi ekki hafa verið fær um að vinna svona verk.

Fyrir dómi við meðferð málsins skýrði ákærða annars frá því, að hún hefði sest hjá þeim Jósep Hjálmar og Grétari Smára í sófann í norðvesturhorni barrýmisins, og hefði Grétar keypt handa þeim áfengi. Kvaðst hún muna eftir því að hafa staðið upp og farið að barnum og eins muna til þess að hafa verið að dansa á dansgólfinu inn af barnum. Kvaðst hún ekki muna eftir því að hafa verið með hníf í höndunum eða að hafa stungið neinn með hnífi. Hefði hún sagt þetta hjá rannsóknarlögreglu til þess að sleppa úr varðhaldi. Þá myndi hún ekki eftir að hafa séð hníf í fórum Aldísar eða að hafa séð hana þarna í húsinu, en hún kannaðist við hana frá því í Húnaveri um verslunarmannahelgina. Hún kvaðst næst muna eftir sér í lögreglubífreidd fyrir utan veitingahúsið og að hún hafi verið færð í fangageymsluna. Hún hefði ekki heyrt af hnífstungunni fyrir en í Síðumúlafangelsinu daginn eftir. Þá staðhæfði ákærða, að hún hefði ekki átt í deilum við nokkurn mann þarna á veitingastaðnum. Undir lok málsmeðferðarinnar hér fyrir dóminum 15. janúar sl. kvaðst hún mikið hafa reynt að rifja upp atburðina í Gullinu. Kvað hún sig ráma í að hafa tekið upp hníf af gólfinu, en þá hefðu verið búin að vera einhver „læti“, eins og hún orðaði það. Hefði hún verið nýbúin að taka upp hnífinn, þegar einhver tók hann af henni. Þetta sé þó allt í þöku fyrir henni.

Jósep Hjálmar Sigurðsson, bróðir ákærðu, gaf tvær skýrslur um málið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 27. ágúst sl. Við fyrri yfirheyrsluna, sem stóð frá kl. 12.23 til 13.02, hafði hann réttarstöðu grunaðs manns, en við hina síðari, sem stóð frá kl. 22.45 til kl. 23.15, var hann vitni.

Var honum kynntur réttur hans til þess að skorast undan því að bera í málinu.

Hann skýrði frá því í fyrri skýrslunni, að hann hefði farið í veitingahúsið Gullið að kveldi föstudagsins ásamt Rósu Dröfn, Aldísi, Grétari Smára Hallbjörnssyni og Aldísi (sic). Hefðu þau öll setið í sófa í vinstúku á annarri hæð hússins. Sagðist hann hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mjög. Þarna hefði komið að einhver maður og gefið sig á tal við þær Aldísi og Rósu, en hann vissi ekki, hvað þeim fór á milli. Þó hefði hann séð það á háttalagi Rósu, að hún var að rifast, og hefði hún verið mjög æst. Skyndilega hefði hún tekið upp hnif og stungið manninn í síðuna. Taldi hann sig muna, að það hefði verið í hægri síðu. Hefði maðurinn fallið í gólfið.

Vitnið kvaðst álíta, að hnífur sá, er Rósa Dröfn hefði notað, hefði verið eign Aldísar, en hann myndi það, að fyrr um kvöldið hefði Rósa Dröfn fengið hann að láni frá Aldísi. Taldi hann, að þetta hefði verið rauður vasahnífur, en hann væri þó ekki viss.

Í síðari skýrslu sinni skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki séð hnifinn, sem systir hans stakk manninn með. Hann kvaðst nokkru áður hafa séð hana með rauðan vasahnif, en hvort hún notaði þennan hnif eða annan, kveðst hann ekki vita. Þá kvaðst hann ekki geta fullyrt, hvort hún stóð upp úr sófanum, um leið og hún stakk manninn, eða hvort hún var sitjandi í sófanum, þegar hún gerði það. Vitnið kvaðst hafa setið í leðursófanum við norðurhlíð barherbergisins, en þó nær vesturvegg. Framan við vitnið hefði verið sófaborð, og hinum megin við það hefðu Rósa Dröfn og Aldís setið á kollunum og snúið að honum. Skyndilega hefði Rósa Dröfn stungið manninn, sem hún hefði verið að rifast við. Kvaðst hann hafa orðið skelfingu lostinn, þegar hann sá þetta, og ekki getað hindrað þessa hnífstungu, því að þetta hefði gerst svo snögglega og komið honum svo á óvart.

Þegar vitnið kom hér fyrir dóm, kvað hann mann hafa komið að þeim fjórum, þar sem þau sátu, og gefið sig á tal við stúlkurnar. Ekki kvaðst hann muna, hvort ákærða var æst eða hvort hún hefði verið að rifast við manninn. Hefði hann ekki séð ákærðu stinga manninn, en hann hefði séð manninn hníga niður. Gaf vitnið þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu um þetta, að þegar hann gaf fyrri skýrsluna, hefði hann ekki verið allsgáður og í miklu ójafnvægi (sic), en við hina síðari hefði hann verið búinn að „dópa sig upp“.

Þeir Hannes Thorarensen og Þorsteinn G. Þ. Ragnarsson rannsóknarlögreglumenn, sem tóku skýrslurnar, voru spurðir um þessa viðbáru vitnisins. Minntust þeir þess ekki, að hann hefði verið miður sín eða illa haldinn, þegar hann gaf skýrsluna. Sagði Hannes, að vitnið hefði ekki verið látið gefa skýrslu, ef svo hefði staðið á fyrir honum, og Þorsteinn kvað skýrslu-

gerðina hafa gengið hnökralaust. Hefði Jósep Hjálmar örugglega lesið yfir það, sem hann skrifaði undir.

Vitnið kvað þau systkinin hafa verið í mikilli óreglu, þegar þetta varð, og hefði ákærða verið mjög spennt á taugum, eins og þau öll reyndar. Hann kvaðst hafa séð, að Aldís hefði lánað systur hans vasahníf eða skátahníf fyrr um kvöldið. Hefði það verið sjálfskeiðingur, og muni hann hafa verið með upptakara og einhverju fleira á. Væri það ekki hnífurinn, sem hald var lagt á í málinu. Vitnið kvað Aldísi hafa sagt sér eftir á, að Rósa hefði stungið mann þarna á Gullinu.

Vitnið Aldís Jónsdóttir skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 29. ágúst, að hún hefði verið stödd í veitingahúsinu Gullinu þetta sinn. Hefði hún komið þar með vinkonu sinni, Önnu Rósu. Hún hefði haft meðferðis „skátahníf“ eða dálk í ljósbrúnu leðurhulstri, og hefði hann verið í jakkavasa hennar. Hún hefði lagt frá sér jakkann, meðan hún var að dansa á annarri hæð hússins. Hún hefði séð ákærðu, sem hún kannaðist við í sjón, sitja við borð, ekki langt frá barnum, og hefði hún haldið á hnífnum í vinstri hendi. Vitnið kvaðst hafa vikið sér að ákærðu og beðið hana að láta sig fá hnífinn, og minnti vitnið, að hún hefði um leið lagt höndina á öxl ákærðu. Ákærða hefði þá í sömu andrá stungið mann, sem stóð við hliðina á henni, með hnífnum. Taldi vitnið, að ákærða hefði stungið með vinstri hendi og að lagið hefði komið í vinstri síðu mannsins. Vitnið kvað annan mann hafa staðið þarna hjá ákærðu og manninum, sem hún hefði stungið. Ekki kvaðst vitnið neitt vita um ástæðuna fyrir þessu verki ákærðu og ekki vita, hvort eða hvað þessu fólki hefði farið á milli. Vitnið kvaðst svo muna eftir því, að maðurinn lá á gólfinu og fjöldi fólks stumraði yfir honum.

Vitnið kvaðst hafa aðgætt, hvort hnífurinn væri horfinn úr jakkavasa hennar, og hefði það reynst vera. Vitnið bar kennsl á hnífinn, sem ákærða var talin hafa stungið Sigurjón Þór með.

Vitnið kvaðst hafa verið orðið mjög ölvað, þegar þetta gerðist.

Hér fyrir dómi skýrði vitnið frá því, að umræddur hnífur hefði verið í jakkavasa hennar, þegar hún kom í veitingahúsið. Hún hefði lagt frá sér jakkann á stólbak, þegar hún fór að dansa. Taldi vitnið, að hún hefði svo einhvern tíma aðgætt í jakkavasann og þá orðið þess áskynja, að hnífurinn var horfinn ásamt einhverju fleira. Ekki kvaðst vitnið muna, hvenær þetta var, en taldi þó, að það hlyti að hafa verið, áður en hún fór að dansa, því að hún hefði ekki séð jakkann eftir það. Þegar vitnið var að koma af dansgólfinu, hefði hún séð ákærðu standa með hníf hennar í hendinni í á a.g. 5 metra fjarlægð frá vitninu. Hefðu hún haldið á hnífnum í mittishæð og blaðið vísað fram. Hefði hún beðið ákærðu tvisvar að láta sig hafa hnífinn og lagt hönd á öxl hennar. Ákærða hefði þá stungið með hnífnum

mann, sem stóð hjá henni og hún virtist vera að deila við. Hefði lagið komið í vinstri síðu mannsins, og hefði hann hniðið niður.

Vitnið taldi, að ákærða og maðurinn hefðu staðið hvort andspænis öðru, en einhverju gæti skeikað um það.

Vitnið kvað lögregluna hafa tekið sig, og hefðu þau Jósep, bróðir ákærðu, orðið samferða á lögreglustöðina. Kvaðst hún hafa sagt við hann, að systir hans væri rugluð, en minnst þess ekki að hafa rætt frekar við hann um málið. Kvaðst vitnið muna mjög vel eftir því, þegar maðurinn var stunginn, enda sé atburðurinn henni mjög eftirminnilegur.

Vitnið kvaðst hafa verið mjög drukkið, þegar þetta varð, og hafa verið búið að drekka vodka og bjór, en hún noti ekki önnur vímuefni.

Vitnið Sigríður Bergdís Magnúsdóttir kvaðst muna eftir því að hafa staðið við barinn á annarri hæð, og hefðu Rósa og Aldís staðið við endann á barborðinu. Sagði vitnið, að ákærða hefði haldið á hnífi, og virtist vitninu blaðið snúa fram og niður, en handleggurinn verið sem næst beinn niður. Ekki kvaðst vitnið muna, í hvorri hendinni ákærða hafði hnífinn. Vitninu virtist hnífurinn vera venjulegur vasahnífur. Vitnið kvaðst svo hafa gengið að borði, sem þarna var. Næst mundi hún, að maður lá á gólfinu og Jósep og fleira fólk var að stumra yfir honum. Ekki kvaðst vitnið hafa séð ákærðu eftir þetta.

Vitnið taldi, að mjög stutt stund hefði liðið, frá því að hún sá hnífinn í höndum ákærðu og þar til hún vissi af manninum á gólfinu. Hana minnti, að hann hefði legið á svipuðum stað og stúlkurnar höfðu staðið. Ekki kvaðst hún hafa orðið vör við nein átök. Vitnið lýsti hnífnum þannig, að blaðið hefði verið frekar breitt, og minnti hana, að skeftið hefði verið fremur dökkbrúnt. Ekki hefði hún séð hnífinn brotinn saman. Vitnið sá ljósmyndir af hnífnum, sem tekinn var af ákærðu, og taldi hún, að það væri ekki hnífurinn, sem hún sá í höndum hennar. Eftir því sem hana minnti, hefði hann ekki litið þannig út.

Vitnið kvaðst hafa verið í langvarandi óreglu, þegar þetta varð, og hafa þá verið undir áhrifum áfengis, róandi lyfja og amfetamíns.

Hallgrímur Óli Björgvinsson, dyravörður í veitingahúsinu, kvaðst hafa verið staddur á þriðju hæð hússins, þegar honum var sagt frá því, að átök væru á annarri hæð. Hann hefði strax brugðið við og hraðað sér niður og séð tvo menn liggja á gólfinu og þvögu af fólki í kring. Kvaðst vitnið hafa reist annan manninn við, en þá hefði verið sagt, að hinn hefði verið stunginn. Hefði sér verið vísað á stúlku, sem stóð við enda sófans, sem þarna var, og sneri að manninum á gólfinu. Stúlkan hafði þá dregið skátahníf úr skeiðum og beint blaðinu fram og skáhalt upp. Hélt hún um skeftið á hnífnum með vinstri hendi, en á skeiðunum með hinni hægri. Vitnið kvaðst hafa gengið að stúlkunni og sagt henni að láta sig hafa hnífinn,

en hún hefði engu ansað, enda greinilega í vímu, sem vitnið taldi frekar vera af lyfjum en áfengi. Vitnið kvaðst þá hafa tekið um þá hönd stúlkunnar, sem hélt á hnífnum, og sveigt höndina aftur fyrir bak hennar. Hefði hann svo teygst sig yfir öxl hennar og þannig náð hnífnum úr hendi hennar. Einn af eigendum hússins, Haraldur Jónsson, hefði komið þarna að, og hefði hann beðið Harald að fara niður með stúlkuna, sem Haraldur hefði gert. Hefði hann fengið annan starfsmann hússins til að hringja á sjúkrabil og lögreglu. Vitnið kvaðst hafa slíðrað hnífinn og stungið honum í vasa sinn. Hann hefði síðan farið út í lögreglubíl með hnífinn og afhent lögreglu-mönnum hann.

Jón Páll Haraldsson, einn af eigendum veitingahússins, kvaðst hafa verið staddur á þriðju hæð hússins við störf, þegar hann hefði heyrt, að slagsmál voru á annarri hæð. Hann hefði hraðað sér niður og þá séð, hvar tveir menn lágu á gólfinu. Maðurinn, sem hafði verið stunginn, hefði verið risinn upp við dogg. Þegar hann hefði séð, hvernig komið var fyrir honum, hefði hann sagt: „Hann hefur verið stunginn.“ Hefði stúlkurödd þá sagt: „Hún er með hníf.“ Vitnið kvaðst hafa litið í kringum sig og séð Hallgrím halda um hönd á stúlkunni, sem hélt á hnífi, og snúa höndina aftur fyrir bak. Ekki kvaðst vitnið hafa séð nákvæmlega, hvernig Hallgrímur náði hnífnum af henni. Meðan Hallgrímur hefði verið að þessu, hefði stúlkunnar sagt: „Láttu hnífinn vera, ég á hann.“ Vitnið kvaðst þá hafa hlaupið niður og hringt á sjúkrabil. Þegar vitnið kom upp aftur, var Hallgrímur búinn að ná hnífnum af stúlkunni og faðir vitnisins, Haraldur Jónsson, farinn með hana niður. Vitnið kvað stúlkuna hafa spurt, af hverju henni væri haldið, og kvaðst hann þá hafa sagt: „Þú varst með hnífinn.“ Hefði hún þá sagt: „Já, en Aldís á hnífinn.“

Haraldur Hafsteinn Jónsson kvaðst hafa verið við dyravörslu á fyrstu hæð hússins, þegar hringt hefði verið ofan af annarri hæð. Hefði hann hlaupið upp og séð, að þrír eða fjórir menn voru í átökum á gólfinu. Neðst hefði legið sá, sem stungin var, og hinir hefðu verið í átökum, liggjandi eða krjúpandi yfir honum. Þeir Hallgrímur hefðu tekið tvo af mönnunum, og hefði annar þeirra verið Ellert Högni Jónsson. Hafði Hallgrímur þá kallað: „Hún er með hníf“ -og vitnið þá séð hann vera að taka hníf úr hendi stúlkunnar, eða svo áleit vitnið. Kvaðst vitnið þó ekki alveg geta fullyrt, hvort hann hefði beinlínis séð Hallgrím taka hnífinn af stúlkunni eða hvort hann hefði aðeins séð hann með hnífinn eftir það. Ekki gæti hann sagt, hvort stúlkunnar hefði staðið eða setið. Hann fullyrti hins vegar, að hann hefði séð Hallgrím með hnífinn. Hann kvaðst hafa tekið við stúlkunni úr höndum Hallgríms og farið með hana niður á fyrstu hæð og beðið þar með hana og afhent hana lögreglunni, þegar hún kom á vettvang.

Kristján Haraldsson kvaðst hafa verið við störf á barnum á annarri hæð

þessa nótt. Hann hefði séð Ellert Jónsson í stimpingum við annan mann, en ekki vissi hann, út af hverju það var. Kvaðst hann þá hafa hringt bjöllu niður í anddyri, og hefði Haraldur, faðir hans, komið upp. Þegar vitnið sá, að faðir hans var einn síns liðs, hefði hann hlaupið eftir hjálp upp á næstu hæð og fengið þá Jón Pál, bróður sinn, og Hallgrím Óla Björgvinsson niður með sér. Þegar þeir komu niður, kvaðst hann hafa séð tvo menn liggja á gólfinu framan við barinn. Hann hefði ekkert skipt sér af mönnunum, heldur snúið sér að því að reka fólk út úr barnum, sem farið var að afgreiða sig sjálft. Hann hefði ekki séð, hver stakk manninn, og ekkert geta sagt um það.

Ágúst Haraldsson, einn eigenda veitingahússins, kvaðst hafa verið við störf í „plötubúri“, sem er við dansgólf á annarri hæð hússins. Hefði hann séð, að einhver átök voru í barrýminu, en ekki kveðst hann hafa séð, hverjir þar áttust við. Þeir starfsmennirnir hefðu farið að huga að þessu, og kvaðst hann hafa séð, að maður lá í blóði sínu á gólfinu. Einn dyravardanna, líklega Hallgrímur, hefði verið að fást við stúlku, sem vitnið þekkti ekki, og kvaðst vitnið hafa séð hann taka af henni skátahnif í slíðri. Hefðu dyraverðirnir farið niður með stúlkuna og afhent hana lögreglunni. Stúlkan hefði setið með öðru fólk í sófanum, þegar vitnið kom þarna að, en verið staðin upp, þegar hnifurinn var tekinn af henni.

Sigurjón Þór Friðþjófsson kvaðst hafa farið niður í miðbæ ásamt vini sínum, Sigurði Karli Linnet. Hefðu þeir þá verið búnir að drekka nokkrar áfengisblöndur. Þeir hefðu farið í veitingastaðinn Gullið upp úr miðnætti og haldið upp á þriðju hæð, en síðan niður á aðra hæð og sest í sófa í barrýminu. Tvær stúlkur hefðu setið þarna í sófanum, og hefðu einhver orð farið á milli þeirra og stúlkanna. Ekki hefði það þó verið mikið, og ekki mundi vitnið, um hvað. Meðan þeir sátu þarna, hefðu hafist þarna einhver átök. Kvaðst vitnið hafa gengið að tveimur mönnum, sem voru að tuskast, til þess að stilla til friðar og lagt hönd á öxl annars þeirra í þessu skyni. Kvaðst hann þá hafa fengið högg í vinstri síðu, líkast hnefahöggi. Hefði hann hniðið niður. Hann hefði tekið um síðu sér, en það hefði tekið hann nokkra stund að átta sig á því, að hann hafði verið stunginn. Fólk hefði þyrpst þarna að. Kvaðst vitnið ekki hafa séð eða vitað, hver stakk hann, og ekkert um það vita.

Sigurður Karl Linnet kvaðst hafa verið búinn að drekka nokkra bjóra og eina sterka blöndu af áfengi, þegar þeir Sigurjón Þór komu í Gullið, og hefði hann fundið aðeins á sér. Þeir hefðu sest í sófa á annarri hæð hússins. Kvaðst hann muna, að stúlkur hefðu setið stutta stund þarna í sófanum. Átök hefðu hafist þarna, og hefði Sigurjón staðið upp til þess að stilla til friðar. Fólk hefði drifið þarna að og skyggt á, svo að hann sá ekki til Sigurjóns. Dyraverðir hefðu komið þarna að og stillt til friðar. Kvaðst hann

þá hafa séð, hvar Sigurjón sat á gólfinu, og fólk að stumra yfir honum. Konurödd hefði sagt, að hann hefði verið stunginn. Hann hefði ekki séð, þegar Sigurjóni var veittur áverkinn, og ekki vitað, hver það gerði.

Grétar Smári Hallbjörnsson skýrði frá því, að hann hefði komið á veitingastaðinn Gullið ásamt ákærðu og bræðrum hennar, Hirti og Jósep. Hefði hann farið að dansa á annarri hæð ásamt þeim ákærðu og Jósep, og taldi hann, að þau hefðu hætt að dansa um líkt leyti, og hefði hann farið á barinn til þess að kaupa áfengi. Hefði hann verið orðinn mjög ölvaður. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann hefði orðið var við neinn hávaða eða uppnám, meðan hann stóð þarna, fyrr en einhver, ef til vill Jósep, hefði sagt við hann, að Rósa hefði stungið mann. Kvaðst vitnið þá hafa snúið sér við og séð, að þvaga fólks var fyrir aftan hann. Hann hefði troðið sér í þvöguna og séð, hvar maður lá í gólfinu. Hefði Jósep verið þarna hjá mannum, en hann kvaðst ekki muna eftir að hafa séð ákærðu eða Hjört. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu með hníf þarna í veitingahúsinu eða hníf í hendi nokkurs manns þarna, og gæti hann ekkert borið um hnífstunguna. Jósep Hjálmar hefði sagt sér þarna um nóttina eða undir morguninn, að maðurinn, sem stunginn var, hefði bankað í öxlina á ákærðu. Hún hefði þá snúið sér við og maðurinn þá skyndilega hnigið niður. Hefði honum skilist, að Jósep hefði séð þetta. Vitnið kvað Jósep einnig hafa sagt sér frá því, að Aldís hefði verið með hníf þarna inni og ákærða hefði tekið hnífinn af Aldísi, rétt áður en maðurinn hneig niður. Skildist vitninu á Jósep, að hann hefði séð þetta sjálfur.

Ellert Högni Jónsson skýrir frá því, að hann hafi setið við borð á annarri hæð hússins í barrýminu ásamt Aldísi Jónsdóttur, sem þarna var. Aldís hefði staðið upp og gengið inn með barnum á tal við fólk, sem stóð inni í horni. Hefði ákærða verið þar á meðal. Hann hefði sjálfur ætlað að barnum nokkru seinna, en þá hefði einn af fólkinu farið að abbast upp á sig, eins og hann væri að meina sér að komast að barnum. Hefðu orðið úr þessu stimpingar, sem enduðu með því, að þeir féllu á gólfið. Dyraverðir hefðu komið mjög fljótlega á vettvang, og hefði einn þeirra tekið sig upp af gólfinu og fært sig inn í horn að dyrum, sem þar væru. Ekki kvaðst vitnið hafa séð neinn stunginn, og ekki hefði hann heldur sé hníf þarna og ekki orðið þessa áskynja fyrr en nokkru seinna, þegar hann sá dyraverði stumra yfir manni á gólfinu. Hefði einhver hrópað, að maður hefði verið stunginn.

Anna Rósa Ingólfsdóttir kvaðst hafa farið í veitingahúsið Gullið ásamt vinkonu sinni, Aldísi Jónsdóttur. Hefði hún rekist þarna á ákærðu og bróður hennar, Jósep Hjálmar, sem hún kannast við bæði. Ekki hefði hún séð nein átök eða hníf þarna í húsinu, en kvaðst vita, að Aldís hefði átt skátahníf í slíðri. Hún kvað þær Aldísi hafa báðar farið úr jökkunum og

lagt þá frá sér þarna á annarri hæðinni, meðan þær voru að dansa. Hefðu þær orðið viðskila í dansinum. Hefði Aldís talað um það daginn eftir, þegar þær hittust, að jakka hennar með hnífnum í hefði verið stolið, og sagt, að hún hefði séð ákærðu stínga mann með hnífnum.

Vitnið kvaðst hafa verið talsvert ölvuð og ekki muna allt, sem gerðist þarna.

Hjörtur Þórarinn Sigurðsson skýrði frá því, að hann hefði verið með þeim á Gullinu, Jósep Hjálmar og Rósu Dröfn, systkinum sínum, Grétari Smára Hallbjörnssyni og stúlkunni, sem myndi heita Aldís. Hann hefði staðið við barinn á annarri hæð, og sagðist hann muna, að systir hans stóð fyrir aftan hann. Honum hefði lent saman við mann þarna við barinn, og hefðu þeir tekist á og leikurinn borist fram á gólfid og þeir báðir fallid í gólfid. Næst myndi hann til þess, að einhver kallaði upp, að maður hefði verið stunginn. Þegar hann var staðinn á fætur, hefði hann séð mann liggja á gólfinu og lítils háttar blóðblett hjá honum. Ekki kvaðst hann vita, hver hefði stungið manninn. Hann hefði fljótlega farið út úr húsinu, en heyrt um leið sagt, að Rósa Dröfn hefði stungið manninn. Jósep, bróðir þeirra, hefði einnig sagt sér daginn eftir, að hann hefði séð hana stínga manninn.

Ómar Þorgils Pálsson lögregluþjónn var kvaddur að veitingahúsinu Gullinu. Kvaðst hann hafa ásamt starfsbróður sínum, Herði Þór Hafsteinssyni, ekið Jósep Hjálmar Sigurðssyni og Aldísi Jónsdóttur niður á lögreglustöð. Hefði Aldís sagt, áður en ekið var af stað, að hún hefði ekki séð, þegar maðurinn var stunginn, en hún ætti hnífinn. Jósep hefði hins vegar sagt í bifreiðinni, að ákærða hefði stungið manninn. Hefði Aldís virst töluvert ölvuð, en Jósep Hjálmar töluvert minna.

Hörður Þór Hafsteinsson, fv. lögregluþjónn, skýrði frá því, að Aldís Jónsdóttir hefði gefið sig fram við þá lögreglumennina og sagst eiga hnífinn, sem lögreglumennirnir tóku við úr hendi dyravarða. Hefði honum verið stolið frá henni ásamt jakkanum hennar. Hún hefði verið greinilega ölvuð, en kurteis og komið vel fyrir. Hefði Aldís, að því er hann minnti, sagst kannast við stúlkuna, sem þarna var í haldi. Ekki kvaðst hann þó muna til þess, að hún hefði talað um, að hún hefði séð stúlkuna stínga manninn. Aftur á móti rámaði hann í, að karlmaður, sem þeir fluttu á lögreglustöðina með Aldísi, hefði sagt, að stúlkan hefði stungið manninn.

Grímur Gunnarsson lögregluþjónn, sem var í stórrí lögreglubifreið ásamt þremur starfsbræðrum sínum, var kallaður að veitingahúsinu Gullinu. Kvað hann ákærðu hafa virst vera ölvuð, en róleg. Hann kvaðst hafa farið með dyravörðunum upp á aðra hæð hússins, þar sem þeir hefðu bent vitninu á mann og konu. Hefðu það verið Aldís Jónsdóttir og Jósep Sigurðsson. Aldís hefði sagt, að Rósa hefði stolið nýlegum leðurjakka hennar, hefði skátahnífur í leðurhulstri verið í jakkavasanum. Hefði hún sagst vera

skáti og bera ávallt á sér skátahníf. Hún hefði ekkert frekar sagst vita um málið og talið það vera sér óviðkomandi. Jósep hefði sagst hafa verið í átökum við manninn, sem hefði verið stunginn. Hefði Rósa stungið manninn til þess að hjálpa sér.

Vitnið kvaðst hafa farið út úr húsinu með þau Aldís og Jósep og sett þau inn í lögreglubífreið. Auk þeirra tveggja hefði Grétar Smári Hallbjörns-son, sem hefði verið ölvaður og með afskiptasemi þarna á vettvangi, verið tekinn með í lögreglubífreið.

Niðurstaða.

Ákærða sagði hjá rannsóknarlögreglu, að hún myndi eftir því að hafa verið með hníf í vinstri hendi og vera nærri fullviss, að hún hefði fengið hnífinn hjá stúlku að nafni Aldís. Taldi hún, að hún hefði stungið mann, en hún myndi ekkert eftir því. Annars hefur hún borið við minnisleysi, en þó sagt, að hún þekkti sjálfa sig þannig, að hún væri ekki fær um að vinna verk sem þetta. Síðbúin yfirlýsing hennar um, að hana rámaði í að hafa tekið upp hnífinn af gólfinu, eftir að „læti“ hefðu orðið, getur ekki talist trúverðug.

Sigríður Bergdís Magnúsdóttir skýrði frá því, að mjög stuttu áður en maðurinn hneig niður, hefði hún séð hníf í hendi ákærðu. Að vísu minnti vitnið, að hann hefði litið öðruvísi út en hnífurinn, sem hald var lagt á.

Jósep Hjálmar Sigurðsson, bróðir ákærðu, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að hann hefði séð systur sína stinga mann, sem stóð hjá henni og hún var að deila við. Hann hefur fyrir dómi breytt framburði sínum um þetta á þá lund, að hann hefði ekki séð hana stinga manninn, en einungis séð hann hníga niður. Vitnið hefur ekki gefið viðhlítandi skýringu á þessari breytingu, og verður um þetta að byggja á skýrslum hans hjá rannsóknarlögreglunni, sem eru ekki ótrúverðugar og styðjast við vætti þeirra Hjartar Þórarins Sigurðssonar og lögreglumannanna Ómars Þorgils Pálmasonar og Harðar Þórs Hafsteinssonar.

Vitnið Aldís Jónsdóttir bar staðfastlega, að hún hefði séð ákærðu stinga mann með hnífi hennar. Upplýst er, að hnífur þessi var ásamt skeiðum tekinn skömmu síðar blóðugur af ákærðu.

Telja verður sannað, að ákærða hafi stungið Sigurjón Þór Friðþjófsson með hnífi í vinstri síðu, eins og lýst er í ákærinni, og valdið honum þeim áverka, sem þar greinir. Verður og að telja upplýst með vætti Gunnars Gunnlaugssonar yfirlæknis, að atlagan og áverkinn hafi verið lífshættuleg. Þá verður að telja, að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst, að langlíklegast væri, að maðurinn hlyti bana af henni. Hefur ákærða með þessu verki orðið sek um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík var laugardaginn 29. apríl sl. kl. 13.00 lögreglan kvödd að Laugavegi 51 b. Var þar fyrir húsráðandinn, Jóhann Borg Jónsson, fæddur 14. maí 1938. Skýrði hann frá því, að fólk um tvítugt, þrír karlmenn og stúlka, hefðu ráðist á sig og rænt sig peningum. Kvað hann mann að nafni Finnbogi, sem byggi í kjallaraíbúð á Rauðarárstíg 7, hugsanlega vita deili á árásarfólkinu. Var Jóhann Borg bólginn og blóðugur í andliti.

Skýrsla lögreglunnar í Reykjavík barst rannsóknarlögreglu ríkisins daginn eftir. Næst gerðist það í málinu, að Jóhann Borg kom á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar 25. maí og áréttaði kæru sína. Kvaðst hann hafa haft samband við Finnboga, sem fyrr getur, en sá vissi ekkert um málið. Annars kvaðst Jóhann sjá einn af árásarmönnum al loft á Hlemmi, en ekki vita deili á honum. Var honum bent á að kalla til lögreglu, næst þegar hann sæi hinn grunaða. Ekki er að sjá, að kærandanum hafi verið veittur kostur á því að skoða myndasafn rannsóknarlögreglunnar til þess að benda á hin grunuðu.

Þá samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík gerðist það næst í málinu 7. júní sl., að Jóhann Borg vísaði lögreglumönnum, sem fylgdu honum út í biðskýli strætisvagna á Hlemmi, á Tyrfing Kristjánsson, Hraunbæ 90 hér í borg, fæddan 31. maí 1959. Væri hann einn þeirra, sem ráðist hefðu á sig og rænt sig áfengi. Kvaðst Tyrfingur kannast við málið og viðurkenndi fyrir lögreglumönnum, að hann hefði farið með manni, sem hann ekki þekkti, og Rósu Sigurðardóttur frá Skagaströnd heim til Jóhanns. Kvað Tyrfingur Rósu hafa slegið Jóhann með steini og tekið áfengið, en hann sjálfur staðið hjá, en drukkið áfengið á eftir. Var Tyrfingi sleppt eftir samtalið við lögreglumennina.

Í skýrslunni kemur fram, að Tyrfingur eigi líklega við ákærðu í máli þessu, Rósu Dröfn Sigurðardóttur, og eru sögð þar á henni deili. Skýrslu þessa fékk rannsóknarlögreglan í hendur tveimur dögum síðar.

Jóhann Borg Jónsson leitaði læknishjálpar á slysadeild Borgarspítalans. Í vottorði Þorvalds Ingvarssonar læknis segir svo:

„Þann 29.4. '89 kl. 13.24 kemur hingað á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík maður er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Honum segist svo frá að hann hafi verið laminn í hausinn með steini og tekinn kverkataki af pari sem hann ber ekki kennsl á, á Laugaveginum. Kvartanir við komu eru verkur aftan í hálsi og sár á höfði. Sjúklingurinn rotaðist ekki við höggið.

Skoðun: 1. Skurður á hægri augabrún og talsvert mar undir augabrúnni. 2. Eymsli aftan á hálsi vinstra megin, engin eymsli yfir barka.

Meðferð: 1. Sárið á augabrúninni er saumað með 4 sporum.

2. Leiðbeiningar vegna höfuðhöggs.

Sjúklingurinn er boðaður til endurkomu þann 5.5 '89 í saumatöku.

Skoðun þann 5.5. '89: Sárið er vel gróið. Saumar teknir. Eymсли í hálsin-um eru horfin. Sjúklingurinn er því útskrifaður.

Meiðsli Jóhanns geta vel komið heim og saman við það að honum hafi verið veittur áverki.“

Jóhann Borg Jónsson skýrði frá því í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 23. október sl., að nokkru fyrir kl. 13.00 umræddan dag hefði verið knúið dyra hjá honum. Hann hefði litið út um glugga og séð unga konu við dyrnar og því opnað. Konan hefði spurt, hvort hann ætti nokkurt áfengi til að selja henni, og kvaðst hann hafa jánkað því. Í sömu svipan hefðu þrír karlmenn komið á eftir honum inn í eldhús, sem er til vinstri inn af forstofunni. Hefðu tveir mannanna haldið höndum hans, en sá þriðji hefði tekið hann hálstaki aftan frá. Þeir hefðu heimtað af honum tvær brennivínsflöskur, en hann hefði neitað því þverlega í fyrstu. Þá hefði annar þeirra, sem hélt höndum hans og hann benti síðar á á Hlemmtorgi, barið sig þrisvar í höfuðið með broti úr gangstéttarhellu og því næst fleygt steininum í gólfið. Kvaðst hann hafa staðið allan tímann þrátt fyrir þessar barsmíðar. Þegar hér var komið sögu, kvaðst hann hafa séð, að ráðlegast væri að láta áfengið af hendi, en hann kvaðst hafa átt tvær flöskur af brennivíni, tvær af vodka og einn kassa af bjór. Kveðst hann hafa farið fram í forstofuna og síðan inn í þvottahús, sem þarna er inn af, og þaðan inn í geymsluherbergi, þar sem áfengið var geymt í læstum skáp. Kvað hann fólkið hafa beðið frammi í forstofunni, á meðan hann náði í tvær brennivínsflöskur, sem hann síðan afhenti stúlkunni. Hún hefði beðið allan tímann frammi í forstofu og ekki veist að sér. Eftir að hann hafði látið áfengið af hendi, hefðu þau öll farið út, og hefði hann þá kallað á lögregluna, sem flutti hann á slysadeild, þar sem gert var að sárum hans.

Hér fyrir dómi skýrði vitnið svo frá, að stúlkan hefði barið að dyrum hjá honum, og þegar hann opnaði, hefði hún beðið hann um vín. Kvaðst hann hafa sagt, að hann ætti ekkert vín. Hefðu þá komið þrír piltar og ruðst inn í eldhúsið. Hefði einn þeirra tekið sig hálstaki, svo að sér hefði legið við köfnun og hnigið niður á gólfið. Hinir piltarnir hefðu ekkert tekið á sér, en einn þeirra hefði slegið sig með steini í andlitið rétt ofan við hæggra augað. Hefði það verið pilturinn, sem hann vísaði á á Hlemmi. Stúlkan, sem vitnið kveðst ekki þekkja í sjón, hefði beðið frammi í forstofu, á meðan á þessu stóð, og hefði hún haldið sig þar allan tímann. Vitnið kvaðst hafa opnað skáp frammi í geymslu, þar sem hann geymi áfengi, og tekið þaðan 4 flöskur og rétt piltunum, en þeir hefðu allir komið inn í geymsluna á eftir honum. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann sótti áfengið, áður en

hann var sleginn eða eftir að hann var sleginn. Vitnið taldi hugsanlegt, að hann hefði sótt vínið inn, áður en hann var tekinn hálstaki eða á milli þess og þess, að hann var sleginn.

Ákærða gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 13. júní. Kvaðst hún þá lítið muna eftir atvikinu, enda hefði hún verið búin að vera í langvarandi óreglu, þegar þetta varð. Þau Tyrtingur hefðu farið við þriðja mann, sem hún myndi ekki, hvað hétí, niður á Laugaveg 51 b til þess að fá áfengi hjá manni, sem þar ætti heima. Áður en þau fóru þar inn, kvaðst hún hafa tekið með sér múrsteinsbrot, sem hún fann þar fyrir utan „til öryggis“. Eftir að inn var komið, hefði hún slegið húsráðanda í höfuðið með steininum, svo að hann lá rotaður eftir. Ekki kvaðst hún muna, hvar hún hefði tekið áfengið eða hversu mikið það var. Þá kvaðst hún ekki muna, hversu mikla peninga þau hefðu tekið, en þau þrjú hefðu eflaust hagnýtt sér þá.

Ákærða var yfirheyrð að nýju hjá rannsóknarlögreglunni 23. október sl. Hélt hún þá fast við fyrri skýrslu sína og kvaðst hafa barið Jóhann Borg með múrsteinsbroti, en ekki Tyrtingur. Þá ítrekaði hún, að auk þeirra Tyrfings hefði aðeins verið einn maður með þeim. Þá kvaðst ákærða ekki muna, hvort hún eða annar mannanna hefðu náð í áfengið. Ekki kvaðst hún heldur muna, hvort það hefði verið ákveðið fyrir fram að ræna Jóhann, en eflaust hefðu þau farið til hans til þess að nálgast áfengi.

Þegar ákærða kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 23. nóvember sl., neitaði hún að hafa slegið Jóhann Borg og kannaðist ekki við, að áfengisflöskur hefðu verið teknar af honum við þetta tækifæri. Ákærða hefur annars skýrt svo frá fyrir dóminum, að umræddan dag hefði hún verið í heimsókn á Rauðarárstíg hjá manni að nafni Finnbogi ásamt Jósep Hjálmari, bróður sínum, og Tyrfingi Arnari Kristjónssyni. Ekki kvaðst ákærða muna eftir því, að annar bróðir hennar hefði verið þarna með þeim. Þau hefðu ákveðið að fara niður á Laugaveg 51 til þess að fá þar vín hjá manni, Jóhanni Borg Jónssyni, sem ákærða kannaðist við. Þegar þangað kom, kvaðst hún hafa tekið múrsteinsbrot, sem lá þarna fyrir utan, og stungið upp í jakkaermi sína „til öryggis“, enda hefðu piltarnir verið farnir að tala um, að til átaka gæti komið við manninn. Maðurinn hefði lokið upp fyrir þeim og þau gengið inn. Kvaðst ákærða hafa verið orðin mjög drukkin, þegar hér var komið sögu, og muna óljóst eftir atburðum inni hjá manninum. Ekki kvaðst hún vita, af hverju átökin hófust, en piltarnir hefðu eitthvað tuskast við manninn, og eins myndi hún eftir því, að annar hvor þeirra hefði hrundið honum niður í stól. Þegar maðurinn hefði verið að standa upp úr stólnum, hefði Tyrtingur Arnar slegið manninn eitt högg með steininum, sem hún kvaðst hafa verið búin að láta hann hafa. Hún hefði áður ætlað sér að henda steininum út, en hætt við það og látið

Tyrfing hafa hann orðalaust. Hún kvaðst hafa leitað að áfengi í íbúð mannsins, meðan þeir piltarnir voru að stimpast við hann. Ekki mundi hún eftir því að hafa fundið eða séð áfengi í íbúð mannsins og ekki muna eftir því, að þau hafi haft með sér áfengi þaðan eða að þau hafi drukkið áfengi eftir þessa heimsókn til mannsins.

Tyrfingur Arnar Kristjónsson skýrði frá því, að hann hefði hitt ákærðu og bræður hennar, Jósep og Kolbein, á Hlemmi, og hefðu þau farið að ræða um að útvega áfengi. Rósa hefði sagst geta útvegað það og hringt eitthvað í því skyni. Hefðu þau haldið niður Laugaveg, en ekki kvaðst hann muna til þess, að það hefði verið rætt á leiðinni, hvernig ætti að borga eða útvega áfengið. Honum hefði verið ljóst, að ferðinni var heitið til Jóhanns Borg Jónssonar, en þar hefði hann keypt áfengi áður. Taldi hann, að Rósa myndi gera upp við manninn, enda sjálfur verið félaus. Þegar þau voru komin að húsinu, hefði ákærða tekið eitthvað upp af jörðinni og stungið undir jakka sinn. Hefðu þau farið að ræða um það að borga manninum ekki fyrir áfengið, heldur taka það af honum með valdi. Ekki kvaðst hann muna, hvernig orð féllu, en þau hefðu öll rætt um þetta fyrir utan húsið. Ekki mundi hann, hvort þau hefðu rætt, hvernig þau ættu að fara að þessu. Þau hefðu knúið dyra hjá Jóhanni, sem hefði lokið upp fyrir þeim. Hefði Rósa spurt, hvort hann hefði áfengið. Maðurinn hefði spurt, hvort þau væru með peninga, og hefði Rósa játað því. Hefði hann snúist á hæli og farið inn til að sækja það. Þeir Tyrfingur og Kolbeinn Vopni hefðu farið inn á eftir honum og sest við eldhúsborðið, en ekki mundi hann, hvort Rósa kom með þeim inn í eldhúsið eða stóð í dyrunum, en hann minnti, að Jósep hefði staðið í útidyrnum. Ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir því, hvort ákærða hefði farið inn í íbúðina með manninum. Maðurinn hefði svo komið fram með áfengisflöskur í poka, líklega tvær brennivínsflöskur, og kafið þau um greiðsluna. Hefði Kolbeinn Vopni flogið á hann, og hefðu orðið einhverjar stimpingar með þeim. Rósa hefði þá komið frá hlið og slegið Jóhann eitt högg í höfuðið með steini. Pokinn með flöskunum hefði þá verið þrífinn úr hendi Jóhanns. Taldi hann, að Jósep hefði gert það, en kvaðst e.t.v. hafa sjálfur eitthvað liðsinnt honum við það. Ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir því, hvort maðurinn hefði misst fótanna í stimpingunum við Kolbein eða við höggið, en hann hefði fallið í gólfið, að því er hann minnti, og hefði pokinn þá verið hrifsður af honum.

Þau fjögur hefðu drukkið áfengið, sem þau náðu af manninum.

Tyrfingur Arnar kvaðst hafa verið mjög illa á sig kominn af drykkju og vímuefnaneyslu, þegar þetta gerðist, og hafa þá verið búinn að vera í óreglu í sex til átta vikur. Taldi hann minni sitt frá þessum tíma vera heldur þokukennt.

Jósep Hjálmar Sigurðsson skýrði frá því, að ákærða og bróðir þeirra, Kolbeinn Vopni, svo og Tyrfingur Kristjónsson, hefðu verið stödd á Hlemmi, þegar þau afréðu að heimsækja Jóhann Borg Jónsson og kaupa af honum áfengi. Minnti hann, að Rósa hefði verið búin að hringja í manninn áður. Hefðu þau gengið heim til hans og barið að dyrum. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við það, að ákærða hefði haft á sér stein, og ekki taldi hann, að neitt hefði verið búið að ræða það, að til átaka gæti komið við manninn. Jóhann Borg hefði lokið upp og þau gengið inn í anddyrið. Rósa hefði eitthvað skipt orðum við hann. Hann hefði farið inn í íbúðina, en þau beðið á meðan í eldhúsinu. Hugsanlega hefði Rósa þó farið inn með manninum. Maðurinn hafði komið fram með eitthvað í hvítum plastpoka. Kvaðst hann minnast þess, að Rósa og maðurinn hefðu eitthvað verið að rifast frammi í forstofu, en ekki muna, um hvað það snerist. Taldi hann, að Kolbeinn Vopni og Tyrfingur hefðu lent í átökum við manninn, og hefði það leitt til þess, að maðurinn datt á bekk við eldhúsborðið. Hefði Tyrfingur legið ofan á honum þarna á bekknum, en þeir bræðurnir hefðu hlaupið út. Kvaðst Jósep hafa hitt þau hin seinna um daginn eða um kvöldið, annaðhvort á Hlemmtorgi eða Laugavegi 86. Hefðu þau þá verið með áfengi. Kvaðst hann ekki hafa spurt þau, hvar þau hefðu fengið það. Hefði Tyrfingur sagt sér, að Rósa hefði barið húsráðandann með múrsteini. Hefðu þeir piltarnir náð steininum af henni og síðan hlaupið út frá manninum. Ekki hefði Tyrfingur nefnt, hvort þau hefðu náð áfengi frá manninum.

Jósep Hjálmar kvaðst hvorki hafa séð manninn barinn með steini þarna né séð nokkurn stein þarna. Ekki hefði hann heldur tekið pokann með áfenginu, en hann taldi sig muna, að það hefði verið Kolbeinn, sem hljóp út með pokann. Hann kvaðst hafa séð einhverja skeinu á enni Jóhanns, áður en hann fór út frá honum. Ekki kveðst hann hafa orðið var við, að Rósa ætti í neinum átökum við manninn, meðan þau voru þarna. Kvaðst hann ekki muna til þess, að hún hefði nokkru sinni komið inn í eldhúsið, heldur myndi hún hafa beðið frammi í forstofu allan tímann.

Kolbeinn Vopni Sigurðsson, bróðir ákærðu, kannaðist við hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa farið með henni, Jósep Hjálmari og Tyrfingi Kristjónssyni, að Laugavegi 51 b, Reykjavík, þeirra erinda að útvega áfengi. Hefði upphaflega verið ráðgert að kaupa áfengi af húsráðandanum, Jóhanni Borg, en þegar til kom, hefði þeim þótt hann setja upp of hátt verð. Hann kvaðst óljóst muna, hvað á eftir hefði farið, enda þá verið búinn að vera í mikilli óreglu. Hann myndi þó, að hann hefði tekið í aðra hönd Jóhanns Borg og Tyrfingur í hina. Hefði ætlunin verið, að Rósa tæki af Jóhanni plastpoka með áfengisflöskum, en hún hefði hins vegar tekið fram stein og slegið Jóhann með honum í andlitið. Hann kvaðst

hafa reynt að hindra systur sína í þessu athæfi, en hún hefði náð að slá Jóhann Borg nokkur högg í andlitið með steininum. Ekki kvaðst hann vita, hvar Rósa tók steininn. Meðan hann hefði reynt að halda aftur af henni, hefðu þeir Tyrfingur og Jósep hlaupið út og Jósep tekið plastpokann með áfenginu með sér. Rósa hefði farið að þurrka blóð úr andliti Jóhanns, sem hefði verið með fullri meðvitund og staðið á fótunum. Hann kvaðst þá hafa tekið á rás á eftir piltunum, en Rósa orðið ein eftir. Hún hefði svo komið stuttu síðar og hitt þá uppi á Laugavegi. Ekki kvaðst hann muna, hve mikið áfengi hefði verið í plastpokanum, sem tekinn var af Jóhanni Borg.

Kolbeinn Vopni kvaðst hér fyrir dómi lítið muna eftir atvikum. Taldi hann, að hann hefði farið með þeim ákærðu, Jósep Hjálmari og Tyrfingi Kristjónssyni, heim til manns á Laugavegi 51 b í apríllök. Hefðu þau ætlað að kaupa áfengi af manninum. Hefði hann lokið upp, og minnti hann, að þau öll hefðu farið inn, en var þó ekki viss. Maðurinn hefði sótt áfengið og sett upp verð, sem þeim hefði fundist vera of hátt. Eitthvað hefði verið tekið á honum, en ekki kvaðst hann muna, hver eða hverjir hefðu gert það. Gæti verið, að hann hefði sjálfur gert það. Kvaðst hann telja líklegt, að hann hefði snúið upp á handlegg mannsins og síðan tekið hann hálstaki og reynt að „svæfa“ hann, eins og hann orðaði það. Ekki minntist hann þess, að neinn hefði verið með stein eða að maðurinn hefði verið sleginn með steini. Hefði maðurinn staðið á fótunum allan tímann, meðan þau voru hjá honum. Eitthvert þeirra hefði tekið pokann með áfengisflöskum, og hefðu þau öll hlaupið út frá manninum, þau Rósa síðust.

Þegar skýrsla hans hjá rannsóknarlögreglu var borin undir hann, kvað hann sig minna, að atvikin hefðu verið með þeim hætti, sem hann lýsti þar, en þetta væri þó óljóst í huga sér, og það, sem segir í skýrslunni um steinshögg Rósu Drafnar, gæti verið „della“, eins og hann orðaði það.

Kolbeinn Vopni kvaðst hafa verið mjög ölvaður þegar þetta varð.

Niðurstaða.

Ákærða og piltarnir þrír báru, að þau hefðu farið til Jóhanns Borg Jónssonar til þess að fá hjá honum áfengi. Hafði ákærða frumkvæði að ferð þessari. Ákærða sagðist hafa tekið upp stein „til öryggis“, áður en þau fóru inn, enda hefði verið farið að tala um, að til átaka gæti komið við manninn. Sagði Tyrfingur Arnar, að þau hefðu rætt það, áður en þau fóru inn til Jóhanns, að taka áfengi af honum með valdi. Fram er komið, að valdi var beitt við Jóhann, og játaði ákærða staðfastlega hjá rannsóknarlögreglu að hafa barið hann með steininum. Þeir Tyrfingur Arnar og Kolbeinn Vopni báru með ákærðu um það atriði, þótt Kolbeinn drægi nokkuð úr fyrir dóminum. Jóhann Borg sagði sjálfur aftur á móti staðfast-

lega, að Tyrfingur Arnar hefði barið sig, en ekki ákærða. Ákærða breytti framburði sínum um þetta hér fyrir dómi og sagði, að Tyrfingur Arnar hefði barið manninn. Samkvæmt gögnum málsins hlaut Jóhann skurð og mar á höfuðið við höggið. Þeim Jóhanni Borg, Tyrfingi Arnari, Jósep Hjálmar og Kolbeini Vopna bar saman um það, að poki með áfengisflöskum hefði verið tekinn af Jóhanni Borg eftir átök við hann, en ákærða kvaðst ekki muna eftir því. Hún bar þó, að hún hefði leitað að áfengi hjá Jóhanni, meðan piltarnir stimpuðust við hann.

Enda þótt það sé mjög líklegt, að ákærða hafi barið Jóhann Borg með steininum, þykir ekki vera unnt, vegna frásagnar Jóhanns, að telja það sannað. Aftur á móti er sannað, að Jóhann var barinn með steini, sem ákærða hafði með sér inn til hans, og verður að telja, með vísan til þess, sem segir hér að framan, að hún hafi átt þátt í að ræna hann tveimur áfengisflöskum. Hefur ákærða með þessu orðið sek um rán og brotið gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

III.

1. Ákærða viðurkenndi að hafa farið í þjófnaðarskyni með bræðrum sínum niður að mb. Gulltoppi, sem lá við Grandagarð, þar sem þeir hefðu farið um borð og stolið seðlaveski með peningum og tékkhefti. Beið ákærða átekta á bryggjunni á meðan, þar sem hún þorði ekki um borð. Hefur ákærða með þessu brotið gegn 244. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

2. Ákærða viðurkenndi að hafa stolið seðlaveski frá Þráni Birgi Meyer í Austurstræti. Hefur ákærða með þessu brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

1. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Charlottu Nielsdóttur selt falsaðan tékka, sem lýst er í 1. tl. IV. kafla ákæru, og notað með þeim hætti, sem þar er lýst. Er tékkanum og notkun hans rétt lýst í ákærinni, en dagsetning tékkans er þó ranglega tilgreind. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ólafur H. Jakobsson krefst bóta vegna tékka þessa. Ákærða er ekki ein um sök þessa. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

2. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við bróður sinn, Jósep Hjálmar, og Charlottu, sem áður er nefnd, staðið að því að framvísa stolnu greiðslukorti Kristins D. Gissurarsonar með falsaðri nafnritun og tekið út vörur og þjónustu, eins og í 2. tl. IV. kafla ákærunnar segir, þannig að Jósep Hjálmar falsaði nafn Kristins á skuldfærslunótur vegna viðskiptanna. Það athugast, að síðasta nótan er rangt dagsett. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrirtækið Visa Ísland - Greiðslumiðlun hf. hefur krafist þess, að „hinum seka verði gert að endurgreiða“ fyrirtækinu 14.140 krónur. Ákærða er ekki ein um sök þessa. Ber að vísa kröfunni frá dómi.

3. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Charlottu, sem áður er nefnd, notað í viðskiptum þá 4 falstékka, sem greinir í 3. tl. IV. kafla ákærunnar, og með þeim hætti, sem þar segir. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru. Varðar þetta atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ákærða viðurkenndi að hafa falsað og notað og afhent til notkunar í viðskiptum þá 7 tékka, sem greinir í 4. tl. IV. kafla ákærunnar. Er tékkunum og notkun þeirra þar rétt lýst að öðru leyti en því, að númer þriðja tékkans hefur misritast. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eigendur tékkanna hafa krafist þess, að þeim verði bættur höfuðstóll tékkana ásamt vöxtum. Ákærða notaði tékka nr. 4 og 7 í félagi við annan, og ber að vísa frá dómi bótakröfum vegna þeirra. Ákærða hefur annars samþykkt bótakröfurnar, og ber að dæma hana til þess að greiða þær ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá kröfudegi til greiðsludags, sem hér segir:

Sigurði Kr. Sigurðssyni, kt. 06.07.53-5719, 3.500 krónur frá 18. maí 1989,

Guðbjörgu Jónsdóttur, kt. 26.06.53-5209, 6.100 krónur frá 26. maí 1989,

Búnaðarbanka Íslands 5.000 krónur frá 25. apríl 1989,

Bifreiðastöð Íslands hf. 6.000 krónur frá 26. apríl 1989,

Hygeu hf. 5.000 krónur frá 8. maí 1989.

5. Ákærða viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu að hafa falsað og afhent Tyrfingi Arnari Kristjónssyni til notkunar tékka þann, sem ákært er fyrir í 5. tl. IV. kafla ákærunnar. Fyrir dómi neitaði hún að hafa skrifað tékkann, en hún hefði verið viðstödd ásamt fleirum, þegar það var gert, og hefði hún notið góðs af því, þegar hann var seldur á veitingastaðnum Adlon. Viðurkenndi Tyrfingur fyrir dóminum að hafa selt tékkann þarna, en kvaðst ekki vita, hver hefði skrifað hann, en það hefði gert einhver af því fólki, sem þarna var. Hefði fólkið og ákærða notið veitinga, sem keyptar voru fyrir tékkann. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 155. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ákæran ekki vera í vegi fyrir því að sakfella ákærðu fyrir hlutdeild í brotinu.

Bóta hefur verið krafist fyrir tékkann. Ákærða er ekki ein um sök þessa, og ber að vísa kröfunni frá dómi.

6. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Atla Jespersen, kt. 15.10.66-5859, notað í viðskiptum þá þrjá tékka, sem lýst er í 6. tl. IV. kafla ákærunnar og ákærða falsaði. Er tékkunum og notkun þeirra þar rétt lýst. Hefur

ákærða með þessu orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Bóta hefur verið krafist fyrir tvo af tékkunum, en með vísan til þess, sem áður segir, ber að vísa kröfunum frá dómi.

7. Ákærða viðurkenndi að hafa notað og afhent til notkunar í viðskiptum þá þrjá tékka, sem lýst er í 7. tl. IV. kafla ákærunnar og ákærða falsaði. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Bóta hefur verið krafist fyrir tékkana. Ákærða er ekki ein um sök varðandi 1. og 3. tékkann, og ber að vísa kröfum vegna þeirra frá dómi. Aftur á móti hefur ákærða mótmælt kröfu Hagkaupa. Ber að dæma ákærðu til þess að greiða Hagkaupum 8.500 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 25. maí 1989 til greiðsludags.

8. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við aðra, aðallega Steinberg Finnbogason, kt. 30.07.73-4009, falsað og notað tékka þann, sem greinir í 8. tl. IV. kafla ákærunnar. Er tékkanum og notkun hans þar rétt lýst. Hefur ákærða með þessu orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur krafist bóta fyrir tékkann. Ákærða er ekki ein um þessa sök, og ber að vísa kröfunni frá dómi.

9. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við Bjarna Leif Pétursson, kt. 15.06.58-2419, selt þá tvo tékka, sem lýst er í 9. tl. IV. kafla ákærunnar og Bjarni Leifur hafði falsað. Er tékkunum og notkun þeirra þar rétt lýst. Hefur ákærða með þessu orðið sek um brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Bóta hefur verið krafist fyrir tékka þessa. Ákærða er ekki ein um þessa sök, og ber að vísa kröfunum frá dómi.

10. Ákærða viðurkenndi að hafa í félagi við margnefndan Tyrfing Arnar Kristjánsson notað í viðskiptum stolið greiðslukort Þráins Birgis Meyers, sbr. 2. tl. III. kafla hér að framan, með falsaðri nafnritun Þráins, eins og lýst er varðandi 2. og 3. sölunótu undir 10. tl. IV. kafla ákærunnar, en Tyrfingur falsaði nafn Þráins á skuldfærslunótur þessar. Er nótunum tveimur og viðskiptum með þær rétt lýst í ákærunni. Hefur ákærða með þessu orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærða sætti undir meðferð málsins geðrannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis. Ályktun yfirlæknisins er svohljóðandi:

„Að mati undirritaðs er Rósa Dröfn Sigurðardóttir ekki haldin formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um persónuleikatrufnanir, sem m.a. hafa komið fram í skapgerðarbrestum,

hegðunarvandkvæðum allt frá unglingsárum og óreglulegri skóla- og atvinnusókn. Rósa Dröfn hefur einnig misnotað áfengi og aðra vímuefna og ítrekað (sic) komist í kast við lögin, allt frá fermingaráldri. Tilfinningalíf hennar virðist vanþroskað og sjálfmiðað. Hugsanlegt er að framangreindar persónuleikatrufnanir séu að hluta orsakaðar af erfiðum uppeldisskilyrðum og neikvæðum félagslegum áhrifum á seinni árum.

Framangreindar persónuleikatrufnanir eru ekki læknanlegar í eiginlegum skilningi þess orðs, en stundum dregur úr slíkum vandkvæðum með árunum, samfara auknum persónuleikaþroska. Í því sambandi er brýnast fyrir Rósu að hætta alfarið (sic) neyslu allra vímuefna og reyna að efla stöðugleika í lífi sínu, m.a. með því að reyna að bæta úr neikvæðum umhverfispáttum, fá sér fasta búsetu og stöðuga atvinnu. Rósa Dröfn hefur ítrekað (sic) verið á meðferðarstofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á undanförunum árum, en því miður, enn sem komið er, með takmörkuðum árangri.

Rósa Dröfn mun hafa játað nokkur þjófnaðar- og skjalafalsbrot, en neitað sök að því er varðar tilraun til manndráps og líkamsárás samfara ráni. Rósa Dröfn hefur, á meðan geðrannsóknin fór fram, haldið fram minnisleysi varðandi framangreinda atburði og borið fyrir sig að hún hafi verið í mikilli vímu þegar framangreind atvik gerðust. Verði Rósa Dröfn hins vegar fundin sek um verknaði þá er gerðust 26.8. og 29.4. sl., er líklegt að framangreindir skapgerðarbrestir samfara miklum áfengisáhrifum hafi leitt til skertrar sjálfsstjórnar og hvatvíslegra viðbragða af hennar hálfu. Hins vegar er erfitt með vissu að meta hvenær og með hvaða hætti ásetningur til verknaðarins kann að hafa myndast. Minnistruflanir þær er Rósa lýsir eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulegum (sic) stuttum tíma. Það verður því að telja líklegt að dómgreind Rósu hafi verið sljóvguð vegna mikilla áfengis- og vímuáhrifa þegar framangreindir atburðir áttu sér stað. Hins vegar verður þó að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Rósu Drafnar Sigurðardóttur sé annars með þeim hætti að hún teljist sakhæf.“

Ákærða, sem dómariinn telur vera sakhæfa, hlaut skilorðsbundna ákæru-frestun 1986. Í ágúst 1988 var hún dæmd í 2ja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjársvik, og 2. nóvember sama ár var hún dæmd í 3ja mánaða fangelsi fyrir fjársvik. Var það hegningarauki við fyrri dóminn, sem nú var dæmdur upp. Auk þessa hefur ákærða verið sektuð sex sinnum, ýmist fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi, eignaspjöll, fjársvik eða fíknilagabrot. Hún hefur nú rofið skilorðið, og ber að dæma upp síðari dóminn og gera henni refsingu í einu lagi. Telst hún vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár. Frá refsingunni ber að draga að fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 13. til 17. ágúst sl. og frá 27. sama mánaðar til dómsuppsögu, samtals 158 daga.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða skaðabætur, eins og að framan er rakið.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 180.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Rósa Dröfn Sigurðardóttir, sæti fangelsi í 6 ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldsvist ákærðu, 158 dagar.

Ákærða greiði skaðabætur ásamt almennum innlánsvöxtum til greiðsludags, sem hér segir:

Sigurði Kr. Sigurðssyni, kt. 06.07.53-5719, 3.500 krónur frá 18. maí 1989,

Guðbjörgu Jónsdóttur, kt. 26.06.53-5209, 6.100 krónur frá 26. maí 1989,

Búnaðarbanka Íslands 5.000 krónur frá 25. apríl 1989,

Bifreiðastöð Íslands 6.000 krónur frá 26. apríl 1989,

Hygeu hf. 5.000 krónur frá 8. maí 1989,

Hagkaupum hf. 8.500 krónur frá 25. maí 1989.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 180.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, 180.000 krónur.
